

## Grænt kort

Þegar farið er með ökutæki erlendis þarf að huga að tryggingum. Græna kortið er staðfesting á því að ábyrgðartrygging sé í gildi í heimalandi váttryggðs. Ábyrgðartryggingin gildir á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) auk Sviss. Kortið gildir einnig í öðrum löndum, en nauðsynlegt er að kynna sér hvar ábyrgðartryggingin gildir áður en lagt er af stað. Athugaðu líka að ef farið er út fyrir Evrópska efnahagssvæðið og Sviss þarf að greiða fyrir græna kortið.

Græna kortið er gefið út í útibúum Sjóvá og iðgjald verður að vera fullgreitt eða greiðslusamningur í gildi svo hægt sé að afhenda það.

### Gildistími

Græna kortið gildir eingöngu frá útgáfudegi fram að næstu endurnýjun ábyrgðartryggingarinnar. Þá þarf að sækja um nýtt kort.

### Fjármögnun

Ef um er að ræða ökutæki með áhvílandi láni/fjármögnunarsamningi frá fjármögnunarfyrirtæki þarf að sækja skriflega staðfestingu frá viðkomandi fyrirtæki um að heimilt sé að fara með ökutækið úr landi. Framvísa skal staðfestingunni þegar sótt er um grænt kort.

### Kaskótrygging í Evrópu

Kaskótryggingin gildir í akstri innan Evrópu í allt að 90 daga og í nauðsynlegum flutningi milli landa, sé um árstryggingu að ræða. Ef dvölin er lengri en 90 dagar þarf að kaupa viðbót við trygginguna.

### Þjófnaður á ökutæki

Þjófnaðarliður kaskótryggingar gildir ekki erlendis. Hægt er að sækja um sérstaka þjófnaðartryggingu. Sjóvá veitir nánari upplýsingar um slíka tryggingu.

### Tjón erlendis

Mikilvægt er að váttryggður tilkynni Sjóvá sem fyrst um tjón sem verður á ökutæki erlendis. Verði kaskótjón á ökutæki erlendis greiðir váttryggður tvöfalda eigináhættu. Bætur vegna kaskótjóns greiðast í íslenskum krónum.

### Gott að vita

- Mundu að Neyðarnúmerið 112 er notað í flestum löndum Evrópu.
- Hafðu öryggisvesti í bílnum. Mörg ríki í Evrópu krefjast þess að vegfarendur klæðist öryggisvestum ef stöðva þarf bíl í vegakanti, t.d. til að skipta um dekk. Sektir liggja við því að vera ekki í vesti.
- Ekki skilja verðmæti eftir í bílnum þegar hann er yfirgefinn.
- Vertu viss um að bíllinn sé í góðu ástandi áður en lagt er af stað.
- Kynntu þér þær reglur sem eru í gildi í hverju landi fyrir sig, t.d. um hámarkshraða, umferðarmerkingar og notkun ljósabúnaðar.

